

Umsögn

28. október 2022



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um yfirlýsingu um neyðarástand í loftslagsmálum, 21. mál

Þann 17. október sl. barst Landgræðslunni rafpóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Meðfylgjandi var tillaga til þingsályktunar um yfirlýsingu um neyðarástand í loftslagsmálum, 21. mál. Óskað var umsagnar Landgræðslunnar og til þess veittur frestur til 31. október.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Landgræðslan hefur kynnt sér hina fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og byggir umsögn stofnunarinnar á ofangreindum lögum, einkum ákvæðum er lúta að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan vinnur að gríðarlega metnaðarfullum verkefnum er tengjast loftslagsmálum með beinum hætti og nægir þar að nefna landgræðsluaðgerðir hverskonar og endurheimt votlendis. Um þessa þætti segir í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu:

„Í stærsta atvinnuvegi landsins, sjávarútvegi, er nauðsynlegt að ná samdrætti í losun og uppfylla markmið, en hið sama gildir um landbúnaðinn og landnotkun. Í greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er bent á að mestum ábata verði náð af landgræðslu,


skógrækt og endurheimt mýrlendis. Hins vegar skortir opinbera stefnu um meðferð lands, sem nauðsynleg er til að vinda ofan af þeirri bagalegu þróun sem yfirvöld stóðu að í meira en hálfa öld með framræslu."

Að mati Landgræðslunnar er mikilvægt að gert sé meira og betur í aðgerðum er tengjast loftslagsvánni, hvort tveggja með aðgerðum er tengjast verkefnum stofnunarinnar með beinum hætti sem og í öðrum, ótengdum stofnuninni.

Ef það sem til þarf er að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum, þá styður stofnunin það. Í öllu falli er ljóst að brýnna aðgerða er þörf.

Virðingafyllst,

f.h. Landgræðslunnar



Birgir Snær Fannarsson,
lögmaður.